

# Fagmennska trúnaðarmanna Siðareglur og samskipti

Fræðslunámskeið KÍ fyrir trúnaðarmenn 7. október 2015

Aðalheiður Steingrímisdóttir varaformaður KÍ

# Siðareglur kennara

- Siðareglur kennara lýsa þeim siðferðilegu skuldbindingum sem kennarastarfið felur í sér gagnvart nemendum, samstarfsfólki, fagstéttinni og samfélaginu.
- Siðareglur eru „fagleg samviska“ kennara.
- Kennarar skulu hafa siðareglur að leiðarljósi í starfi sínu.

# Siðareglur kennara- tilgangur

- Að gera kennurum auðveldara að helga sig kennarastarfinu og vinna með nemendum, samstarfsfólki, foreldrum og skólasamfélaginu.
- Að auka gildi kennarastarfsins og hjálpa kennurum til að taka faglegar ákvarðanir.
- Að vera mikilvæg lyftistöng fyrir fagmennsku kennara.
- Að auka starfsánægju og styrkja sjálfsmynd kennara.

# Siðareglur kennara og trúnaðarmenn

- Siðareglur kennara eru samofnar skólastefnu KÍ.
- Kennarastéttin og kennarasamtökin hafa ríkar skyldur til að fjalla um þróun náms og kennslu, ráðgjöf og skólastjórnun á hverjum tíma. Hagur skóla og skólastarfs og aðstæður til að rækja lögboðið starf sem samrýmist markmiðum um aðlaðandi og framsækið náms- og starfsumhverfi er mikilvægasta viðfangsefni skólasamfélagsins.
- Siðareglur og skólastefna eru undirstöður faglegu stoðarinnar í starfi trúnaðarmanna og fagmennsku þeirra.
- Siðareglurnar varpa ljósi á þau siðferðilegu álitamál sem geta komið upp í skólastarfinu og í starfi trúnaðarmanna.
- Siðareglurnar eru meðal þeirra verkfæra sem trúnaðarmaður getur notað og stuðst við í starfi sínu.

# Umræðuverkefni um siðareglur fyrir trúnaðarmenn

Tilgangur umræðuverkefna um siðareglur er að:

- auðvelda trúnaðarmönnum að íhuga þau siðferðilegu álitamál sem geta komið upp í skólastarfinu og trúnaðarmannsstarfinu.
- draga fram hvernig siðareglurnar geta komið trúnaðarmönnum að gagni í starfi – hvaða fóður felst í þeim fyrir trúnaðarmenn til að styðjast við í starfi sínu.